

Reykjavík, 18. apríl 2017

Hafnarfjarðarbær,
b.t. Helgu Stefánsdóttur
og Helgu Ingólfsdóttur

Efni: Viðbrögð Villikatta við drögum að þjónustusamningi.

Eftirfarandi bréf felur í sér viðbrögð félagsins Villikatta við drögum að þjónustusamningi á milli Villikatta og Hafnarfjarðarbæjar og athugasemdir frá lögmanni bæjarins í tengslum við framkvæmd samningsins..

Athugasemdir lögmanns bæjarins, Ívar Bragason, eru aðallega tvíþættar skv. tölvupósti hans til Helgu Stefánsdóttur dags. 26. mars sl. þ.e.:

1. *Það sem ég hef bent á að lögin gera ráð fyrir, þegar dýr hefur verið handsamað, að sveitarfélagi er heimilt, eftir tvo sólarhringa frá handsömun, að ráðstafa hálfvilltu dýri til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta. Lögin gera þannig ekki ráð fyrir að sveitarfélögum sé heimilt að sleppa dýrinu aftur frjálsum. Íbúi í sveitarfélaginu gæti vel mótmælt því að hálfvilltum dýrum, sem handsömuð hafa verið, sé sleppt aftur frjálsum. Þetta er það sem stendur í lögnum og ég hef ekki séð rök um að annað eigi við.*

2. *Ef samningurinn yrði gerður þá þurfa Villikettir að fara eftir lögnum við framkvæmdina, þ.e. reyna að hafa upp á umráðamönnunum dýranna, hafa aðstöðu fyrir dýrin og geyma hálfvillt dýr í amk. 2 daga. Þess vegna setti ég inn athugasemd hvort þau myndu senda kettina í kattholt þennan tíma.*

Til að svara fyrri hluta athugasemdanna, skal farið yfir túlkun samtakanna á 22.-24. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013.

Villikettir hafa farið fram á þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ, svo sem heimilt er samkvæmt 3. mgr. 24. gr. laganna sem heimilar sveitarfélagi að fela öðrum að framkvæma þær skyldur sem eru tilgreindar í 1. og 2. mgr. 24. gr. samkvæmt sérstökum samningi. Samningurinn má sem sagt heimila öðrum, í þessu tilviki Villiköttum að:

- a) Taka dýr sem strúka eða sleppa úr haldi í vörslu sína, lesa af einstaklingmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra.
- b) Hafa aðstöðu til að halda slík dýr.
- c) Innheimta áfallinn kostnað úr hendi umráðamanns samkvæmt gjaldskrá.
- d) Ráðstafa hálfvilltu dýri að t.t. tíma liðnum til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta.

Lög um velferð dýra eru gölluð m.a. að því leyti að þau virðast ekki gera ráð fyrir tilvist villikatta. Samkvæmt 3. gr. laganna eru hálfvillt dýr þau dýr „sem ekki eru merkt í samræmi við 22. gr. og ganga laus.“ Ef þau eru handsömuð, virðast lögin gera ráð fyrir að þau verði annað hvort að heimilisdýrum eða aflífuð. Ekki virðist beint gert ráð fyrir að dýrin fái að lifa áfram í nátturuni, ævina á enda.

Þrátt fyrir það kemur fram í 23. gr. laganna að óheimilt sé „að sleppa dýrum sem hafa alist upp hjá mönnum út í náttúruna í þeim tilgangi að þau verði þar til frambúðar.“ Villikettir eru kettir sem ekki hafa alist upp hjá mönnum, heldur úti í náttúrunni að öllu eða mestu leyti og hægt er að gagnálykta frá 23. gr. á þá leið, að heimilt sé að sleppa köttum hafa alist upp í búa úti í náttúrunni aftur þangað, að geldingu lokinni. Þá segir í niðurlagi 23. gr. að umráðamanni sé skylt að smala eða handsama dýr, önnur en villt dýr, sem ætla megi að líði fyrir umhirðu- eða skjólleysi úti í náttúrunni. Villikattasamtökin hafa alla tíð tekið að sér að fanga kettlinga, kettlingafullar læður og veika eða slasaða ketti í þeim tilgangi að koma þeim undir læknishendur, aðstoða læður við got og koma kettlingum og stundum fullorðnum köttum inn á ný heimili. Af þeim sökum eru samtökin vel í stakk búin til að koma skjóllausum köttum til aðstoðar og munu halda því áfram, verði samtökin álitin umráðamenn villikatta í skilningi dýravelferðarlaganna..

Samtökin Villikettir stemma stigu við fjölgun villikatta með því að handsama þá, gelda og a. sleppa eða b. ráðstafa til nýs eiganda. Lögmaður Hafnarfjarðarbæjar virðist líta svo á að hvorki Hafnarfjarðarbæ né þjónustuaðila (þ.e. þeim sem framkvæmir ofangreindar skyldur í samræmi við þjónustusamning á grundvelli 3. mgr. 24. gr.) sé heimilt að gelda kettina og sleppa þeim þar sem heimildirnar séu tæmandi taldar í 2. mgr. 24. gr. Þannig sé aðeins heimilt að a) ráðstafa hálfvilltu dýri til nýs eiganda, b) selja það gegn áföllnum kostnaði eða c) aflífa án bóta.

Samtökin skilja orð lögmannsins á á leið að eina leiðin til að hægt sé að framkvæma þjónustusamninginn innan ramma dýraverndunarlaganna, sem gera raunar ekki ráð fyrir tilvist villikatta, sé að líta svo á, að Villikettir teljist „nýr eigandi“ kattanna, sem auðkenni kettina með t.t. hætti og fái jafnframt styrk frá bænum til að framkvæma TNR.

Ef svo er, telja Villikettir að hægt sé að útfæra þjónustusamning sem rúmast innan þess ramma. Eins og að ofan greinir, eru samtökin vel í stakk búin til að taka á sig þau réttindi og skyldur sem á herðum umráðamanna hvíla. Ef dýr telst eigendalaust í skilningi laganna vegna skorts á auðkenni, hlýtur hver sem er að geta kastað eign sinni á óauðkennt dýr og gerst ábyrgur fyrir umsjá þess. Þar sem umráðamaður í skilningi laganna er „eigandi dýrs eða annar aðili sem er ábyrgur fyrir umsjá dýrs“, sbr. 3. gr., verður ekki séð að lögin girði fyrir að félagasamtök teljist umráðamenn. Að sama skapi gera lögin ráð fyrir að sveitarfélög eða Matvælastofnun geti verið umráðamaður dýra, sem styður það sjónarmið að frjáls félagasamtök geti það einnig.

Verði samtökin álitin umráðamenn villikattanna, gefur auga leið, að þeir þurfa að einstaklingsmerkja dýrin í samræmi við 1. mgr. 22. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu er skylt að „einstaklingsmerkja kanínur, ketti, hunda, geitur, hross, nautgrip, sauðfé og svín.“ Samkvæmt 4. mgr. 22. gr. laganna er ráðherra falið að útfæra í reglugerð nánari ákvæði um einstaklingsmerkingar dýra en eftir okkar vitund hefur það ekki verið gert. Eina skilyrðið sem lögin setja um einstaklingsmerkingar kemur fram í 2. mgr. 22. gr. „þ.e. að við merkingu dýranna, hvort heldur sé um að ræða einstaklings- eða hópmerkingu, „skuli beita aðferðum sem valda sem minnstum sársauka.“ Þá kemur fram í greinargerð með umræddu ákvæði að ákvæðið útiloki ekki eyrnamörk „þó að sársaukaminni aðferðir séu þekktar.“

Þar af leiðandi ættu Villikettir, í samræmi við ofangreint, að geta fangað og gelt villiketti sem samtökin eru orðin umráðamenn/eigendur að og einstaklingsmerkt þá með því að klippa lítinn bít af vinstri eyra kattanna. Umrædd eyrnaklipping er alþjóðlegt merki geldra villikatta og er köttunum sársaukalaust þ.s. þeir eru alltaf sofandi á meðan klippi er. Að eyrnaklippingu lokinni

má líta svo á, að kettirnir séu einstaklingsmerktir í skilningi dýraverndunarlaganna og að Villikettir séu umráðamaður þeirra.

Samtökin fara þess á leit við Hafnarfjarðarbæ, að bærinn líti svo á, að eyrnaklipptir kettir teljist einstaklingsmerktir í skilningi dýraverndunarлага. Af þeim sökum skuli meindýraeyðar bæjarins ekki handsama kettina þar sem þeir í umsjá Villikatta. Þá fara Villikettir fram á, að í tilraunasamningi samtakana við bæinn sem til stendur að gera til eins árs, sé ákvæði þess efnis að verði samningurinn ekki framlengdur að ári liðnu, skuli eyrnamerkir kettir ennþá friðhelgir. Með öðrum orðum, verði tilraunasamningurinn ekki framlengdur að ári liðnu, skulu meindýraeyðar bæjarins ekki handsama ketti sem bera alþjóðlegt merki geldra villikatta.

Villikettir telja TNR aðferðina fyllilega í samræmi við markmið dýraverndunarlaganna sem kemur fram í 1. grein þeirra, þ.e. „að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur.“ Einnig það markmið laganna að dýrin „geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt“ en eðilegt atferli villikatta er að lifa með reisin úti í náttúrunni, ævina á enda. Sjálfboðaliðar á vegum Villikatta leggja sig svo alla fram við að uppfylla þá hjálparskyldu sem lögð er á almenna borgara í 8. gr. dýraverndunarlaganna, þ.e. að veita köttum sem ætla má að séu sjúkir, særðir, í sjálfheldu eða bjargarlausir að öðru leyti, umönnun eftir föngum.

Þá er TNR aðferðin í fullu samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, þ.e. að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná lögmæltum árangri. Gelding og slepping er mun vægara úrræði en aflífun. Á sama tíma nær TNR aðferðin því markmiði, að stemma stigu við fjölgun villikatta, betur en aflífun. Með því að skila geldum köttum aftur á sinn stað, taka þeir pláss í vistkerfi villikatta en án þess að fjölga sér. Ef aflífun væri aðeins veitt sem leið til að stemma stigu við fjölda villikatta, væri sífellt svigrúm til fjölgunar innan vistkerfisins. Bæði er það reynsla Villikatta og systrasamtaka erlendis, að TNR aðferðin er mun skilvirkari leið til fækkunar villikatta en aflífun. Þá gefur auga leið að TNR aðferðin mun mannúðlegri.

Þeirri spurningu lögmannsins, hvort Villikettir hyggist senda villiketti í Kattholt, svara samtökin neitandi. Í Kattholti eru kettirnir einungis geymdir í nokkra daga og ef enginn ættleiðir þá að þeim tíma liðnum, er þeim lógað. Þar sem þetta eru í flestum tilvikum fullorðnir kettir sem hafa verið á vergangi í lengri tíma, er afar erfitt að gera þá að heimilisköttum, eða „manna“ þá eins og stundum er sagt. Með öðrum orðum, fæli sending í Kattholt í flestum tilvikum í sér dauðadóm fyrir kettina sem gætu annars lifað góðu lífi sem geldir villikettir.

Í *samandregnu máli*, telja Villikettir að hægt sé að útfæra þjónustusamning sem rúmast innan laga um velferð dýra. Telji Hafnarfjarðarbær að eina leiðin til þess, sé að Villikettir teljist umráðamenn villikatta sem þeir fanga, eru samtökin tilbúin að axla þá ábyrgð sem því fylgir, með fjárstuðningi frá Hafnarfjarðarbæ. Ef slík verður raunin, fara samtökin fram á, að Hafnarfjarðarbær líti svo á að kettir sem bera alþjóðlegt merki geldra villikatta (þ.e. með lítinn bút klipptan af vinstra eyra), séu einstaklingsmerktir í skilningi laganna. Þar af leiðandi hafi meindýraeyðar á vegum bæjarins ekki af þeim afskipti. hvorki í gildistíð tilraunasamnings né síðar. Loks munu samtökin ekki senda villiketti í Kattholt enda felur slík sending í sér dauðadóm fyrir kettina.

Virðingarfyllst,

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, formaður Villikatta